

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalfundur 2017

*Jón Gunnarsson
samgöngu- og
sveitarstjórnarráðherra:*

„HÉR BÝR LÍKA FÓLK“



Fundir með sveitarstjórnarfólki um allt land

- Yfir 40 sveitarfélög heimsótt
- Mikill kraftur og bjartsýni um allt land
- Uppbygging víða en skortur á húsnæði hamlar



Uppbygging innviða

Fjarskiptamál

Samgöngumál

Raforkumál



Fjarskiptamál

- Ísland ljóstengt 2020 gengur vonum framar
- Markmið að 99,9% allra heimila verði tengd háhraða neti fyrir lok árs 2020
- Ísland mælist í öðru sæti ríkja á lista yfir stöðu ríkja í upplýsinga- og fjarskiptatækni
 - færumst nær fyrsta sætinu ;)



Samgöngumálin



- Mikill árangur við uppbyggingu samgöngumála fyrir fámenna þjóð í stóru landi
- Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 er heildarframlag til samgöngumála 34,3 ma.kr.
 - Um 4,5 ma.kr. hækkun frá fyrra ári
 - Framlög til viðhalds og nýframkvæmda nema 17,6 ma.kr.

Það eru vissulega talsverðir fjármunir en það þarf að ráðast í **STÓRÁTAK** því verkefnið er **RISAVAXIÐ**



Samfjármögnun vega

- Starfshópur júní 2017 um möguleikann á að flýta framkvæmdum:
 - *Suðurlandsvegur frá Vesturlandsvegi austur fyrir Selfoss*
 - *Reykjanesbraut frá Kaplakrika að flugstöð Leifs Eiríkssonar*
 - *Vesturlandsvegur frá Suðurlandsvegi að Borgarnesi*
- Heildarfjárfesting er 56 ma.kr. (með vsk) að Hvalfjarðargöngum meðtöldum en án Sundabrautar.
- Framkvæmdatími 8 ár – framkvæmdakostnaður greiddur á 20 árum
- Ekki verkefni af þessari stærðargráðu án sérstakrar fjármögnunar
- Veggjaldið fyrir fjölskiptisnotendur verði helmingur þess gjalds sem innheimt er í Hvalfjarðargöngin – um 140 krónur
- Umferðaröryggi eykst til muna - mikill samfélagslegur ávinningur



Samgöngumál á Vestfjörðum

- 20 ár liðin frá því Alþingi samþykkti uppbyggingu heilsársvegar milli Reykjavíkur og Patreksfjarðar
 - 18 ár frá því framkvæmdir áttu að hefjast á vegakaflanum á milli Bjarkalundar og Flókalundar
- Almannahagsmunir verulegir – frekari tafir óásættanlegar.
- Vegagerðin hefur lagt til svokallaða Þ-H leið
- Frumvarp til laga um veitingu framkvæmdaleyfis vegna uppbyggingu á Vestfjarðavegi, nr. 60



Tækifæri í fiskeldi



Vandi sauðfjárræktarinnar

- Mikil verðlækkun m.a. vegna hruns á erlendum mörkuðum
- Byggðastofnun vann að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra greiningu á vandanum og tillögur
 - Aðgerðir vegna lausafjávanda
 - Aðgerðir til að ná jafnvægi á markaði
 - Aðrar aðgerðir – m.a. stuðningur við aukabúgreinar, heimavinnslu ofl.
- Þörf á aðgerðum strax
- Fullur vilji til að vinna að varanlegri lausn á vandanum í samstarfi við bændasamtökin



Raforkan

- Vaxandi eftirspurn – en dreifikerfið situr eftir
- Áreiðanleiki afhendingar í kerfi Landsnets er lægstur á Vestfjörðum
- Samfélagslegur kostnaðar vegna straumleysis 2002-2008 á Vestfjörðum 84 m.kr. á ári
- Tenging Hvalárvirkjunar við Ísafjörð gefur kost á álagsaukningu á Vestfjörðum
- Mikilvægt að dreifikerfið sé þannig uppbyggt að það geti þjónað íbúum og fyrirtækjum á svæðinu
- Ótrygg raforka og dreifing hamla uppbyggingu um allt land



Byggðamál

- Tækifæri að samþætta byggðamál við aðrar mikilvægar áætlanir á sviði samgöngu og sveitarstjórnarmála
- Fjárveitingar til byggðamála hækkuðu um 25% milli ára
- Áhersla á að styrkja hlut sóknaráætlana landshluta
- Verkefnið Brothættar byggðir heldur áfram
- Unnið að stefnumótandi byggðaáætlun 2018 til 2024



Sveitarstjórnarmál

- Hvert viljum við stefna varðandi sveitarstjórnarstigið?
- Hvað er sveitarfélag?
 - Forysta um þróun samfélags
 - Góð hagkvæm og ódýr þjónusta
 - Geta til að sinna lögbundnum verkefnum
 - Geta til að aðlagast og takast á við félagslegar og efnahagslegar breytingar



Staða og framtíð sveitarstjórnarstigsins

- Sjö tillögur verkefnisstjórnar

1 Hækkun lágmarksíbúafjölda í þrepum

2 Langtíma stefnumótun til 20 ára

3 Fjármögnun sveitarfélaga stuðli að hagkvæmu skipulagi sveitarstjórnarstigsins

4 Íbúar kjósi ekki um sameiningar

5 Gagnger endurskoðun lagaramma samninga um samvinnu sveitarfélaga, hlutverk byggðasamlaga og stöðu landshlutasamtaka sem frjálsra félagasamtaka


6 Verkefni verði flutt til sveitarfélaga og ábyrgð sveitarfélaga á opinberum fjármálum og samspili þeirra við hagstjórn verði styrkt

7 Nýta samtali og samráð til að auka virkni og aðkomu íbúa að ákvarðanatöku og stefnumótun



Hækkun lágmarksíbúafjölda í þrepum

A)




B) Hluti af tekjum Jöfnunarsjóðs verði nýttar til að auðvelda sameiningu



Næstu skref

Fyrirkomulag við mótun stefnu í málefnum sveitarfélaga 2017



Í lokin: Samgönguping unga fólksins 14. október 2017

- Takk fyrir!

